

Mál nr. 260/2020**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á Snæfellsnesvegi 5. júlí 2020.****Gögn.**

Málskot mótttekið 5. ágúst 2020 með fylgiskjölum og tölvupóstur M dags. 21. september 2020.

Bréf V1 dags. 20. ágúst 2020, ásamt lögregluskýrslu.

Tölvupóstur V2, dags. 14. september 2020, ásamt lögregluskýrslu.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að árekstur var með bifreiðum A og B hinn 5. júlí 2020 en báðum bifreiðum var ekið um Snæfellsveg í sömu átt í aðdraganda áreksturs. Bifreið B var ekið áleiðis til vinstri á vegamótum inn á tiltekinn veg þegar árekstur varð og bifreið A ekið í vinstri hlið hennar. Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni bifreiðar A að hann hafi ekið eftir Snæfellsvegi og „...ekki vitað alminnilega hvað gerðist fyrr en bifreið hans lenti á vinstri hlið [bifreiðar B].“ Í dagbók lögreglu frá 16. júlí sl. er haft eftir M að hann telji að þessi skýrsla lögreglu hafi ekki farið rétt en lögreglumaður sem þá ræddi við M segir í þeirri dagbókarfærslu að framburður M hafi verið sá sami og haft hafði verið eftir honum í frumskýrslu. Ökumaður bifreiðar B gaf viðbótarskýrslu hjá lögreglu 4. ágúst sl. og þar komi fram að hann teldi staðsetningu áreksturs ranga, hann hafi verið að beygja inn á Jarðlungsstaðaveg en ekki Skjólbrekkuveg þegar árekstur varð.

M telur að ekki hafi verið rétt sagt frá tjóninu í lögregluskýrslu og telur að ökumaður bifreiðar B hafi hægt skyndilega niður og bifreiðinni síðan ekið til hægri, áður en henni var ekið í vinstri beygju, eins og ökumaður bifreiðar B hafi ætlað að taka U-beygju á veginum.

V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir við gögn málsins en V2 telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar A.

Álit:

Þegar litið er til gagna málsins, sérstaklega þess sem kemur fram í framburði ökumanna bæði í frumskýrslu lögreglu og viðbótarskýrslum, er ljós að árekstur varð með bifreiðum A og B í þann mund sem bifreið B var ekið til vinstri á vegamótum. M telur að bifreið B hafi verið ekið í víða vinstri beygju í framburðarskýrslum kemur það ekki skýrt fram. Framburður M sem ökumanns bifreiðar A bendir hins vegar til þess að hann hafi ekki fylgst nægilega með umferð á undan sér þar sem framburður hans bendir til þess að hann hafi ekki vitað strax hvað gerðist. Hallann af sönnunarskorti ber M þar sem ekki hefur tekist að sýna fram á að ökumaður bifreiðar B hafi hagað akstri sínum ógætilega. M bar hins vegar sem ökumanni bifreiðar A að gæta þess að hafa nægilegt bil á milli bifreiða, sbr. fyrirmæli í 2.mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og ef hann ætlaði að aka framúr bifreið B þá bar honum að gæta fyrirmæla 23.-24. gr. sömu laga um framúrakstur. Af gögnum málsins og framburði M sjálfs er ekki hægt að slá því föstu og ber M því alla sök á árekstrinum sem ökumaður bifreiðar A.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.